



Reykjavík, 4. janúar 2019

Undirritaður vill hvetja starfshóp um endurskoðun kosningalaga til að kanna hvernig best sé hægt að tryggja sem jafnast hlutfall kynjanna á Alþingi.

Í þessu samhengi er nærtækast að líta á það bakslag sem varð við Alþingiskosningar 2017. Þá fækkaði konum á þingi úr 30 í 24, eða úr tæpum 48% í rétt 38%. Samkvæmt úttekt Alþjóðaptingmannasambandsins (*Women in parliament in 2017: The year in review*) lækkaði hlutfall kvenna á Íslandi við þetta meira en í nokkru öðru ríki þar sem kosningar voru haldnar árið 2017!

Þessi þróun hefur áhrif á öll störf þingsins og torveldar t.a.m. að unnt sé að tryggja jófn kynjahlutföll í fastanefndum. Jafnframt er hætt við að breytt samsetning þingheims geti haft þau áhrif að samskipti innan þingsins þróist til verri vegar.

Á þessum málum var tekið í tillögum Stjórnagaráðs að nýrri stjórnarskrá, þar sem stendur (í útgáfu ákvæðisins eins og það var að lokinni umfjöllun stjórnskipunar- og efstirlitsnefndar): „Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnstu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi.“ Við umræðu um þetta ákvæði innan Stjórnagaráðs var helst bent á þá staðreynd að stjórmálauflokkar gætu sett sér reglur um röðun á framboðslista – og að margir þeirra gerðu það til að tryggja sem jafnasta stöðu kynjanna.

Fyrrgreind þróun í kosningunum 2017 bendir til þess að ekki nægi að treysta á innri reglur stjórmálahreyfinga, heldur sé vænlegra til árangurs lögfesta reglur í anda þeirra sem Stjórnagaráð lagði til. Það má ekki vera háð pólitískum sviptivindum hvort jafnrétti ríki á Alþingi.

Virðingarfyllst,

ANDRÉS INGJÓNSSON

*Alþingismaður*